

100. fundur

26. nóvember 2015

0912049SA BÓH
Málalykill: 502

**Fundargerð sameiginlegs fundar samstarfsnefnda
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin fimmtudaginn 26. nóvember 2015, Borgartúni 21, Reykjavík og hófst hann kl. 20:00.

Mætt voru Haraldur F. Gíslason og Helga Charlotte Reynisdóttir af hálfu Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem ritaði fundargerð.

1. Um mat á menntun leikskólakennara

Þrátt fyrir að orðalag greinar 10.4.1 um mat á framhaldsnámi félagsmanna í Félagi leikskólakennara (FL) sé takmarkandi umfram það sem gerist í grein 1.3.2 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara (FG) er samstarfsnefnd sammála um að mat á framhaldsnámi félagsmanna FL skuli vera eins og hjá FG út samningstíma FL, eða til 31. mars 2019.

Verði gerðar breytingar á menntunarákvæðum í kjarasamningi FG á samningstímanum skal samstarfsnefnd taka menntunarákvæði FL til endurskoðunar.

Fleira ekki gert

Fundi slitið klukkan 20:10